

Ársskýrsla Öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands 2017

1. Almenn

Öryggishópur Skýrslutæknifélags Íslands var stofnaður 10. október 2007 og er því nú að ljúka sínu tíunda starfsári. Er því nokkuð tilefni á þessum tímamótum til að fara yfir farinn veg síðastliðinn áratug.

2. Samþykktir

Á stofndegi hópsins voru samþykktar samþykktir fyrir hann. Segir í þeim að markmið faghópsins séu í samræmi við markmið móðurfélagsins og felist m.a. í:

- Að stuðla að bættu öryggi og öryggisvitund í fjarskipta- og upplýsingatækni.
- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um öryggismál og efla tengsl milli þeirra sem starfa á sviðinu og hafa áhuga á því.
- Að stuðla að góðu siðferði í tengslum við upplýsingaöryggi.
- Að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun um öryggismál.
- Að vera öðrum samtökum og faghópum innan handar við að auka öryggisvitund.
- Að koma með tillögur til stjórnar Skýrslutæknifélagsins um stefnumörkun þess á sviði upplýsingaöryggis og vera málsvari þess um öryggistengd mál.
- Að vinna með fulltrúa félagsins í fjarskiptaráði í tengslum við öryggismál.

Þá var kveðið á um að halda skyldi að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund Ský, þar sem skyldi ganga frá skýrslu til stjórnar Ský og láta fara fram kjör stjórnar til tveggja ára í senn. Var þessum ákvæðum samþykktanna breytt á ársfundi hópsins 20. mars 2013 í þá veru að ársfund hópsins skyldi halda sem hluta af aðalfundi Ský og stjórn skyldi kjósa til árs í senn.

3. Stjórnir

Í samþykktum hópsins segir að stjórn hans skuli skipuð fimm mönnum, formanni og fjórum meðstjórnendum. Samt sem áður hefur stjórnin frá upphafi verið skipuð sex mönnum, utan starfsársins 2014-2015. Á stofndegi öryggishópsins var honum kjörin stjórn sem í sátu:

- Svavar Ingi Hermannsson formaður hópsins, CISSP, CISA, CISM, þá öryggisráðgjafi hjá KPMG en nú hjá Íslandsbanka.
- Hörður Helgi Helgason lögmaður hjá Landslögum og Certified Lead Auditor
- Kristján Geir Arnþórsson, þá sérfræðingur við gæðastjórn og öryggismál hjá Reiknistofu bankanna en nú gistihúsaeigandi á Stokkseyri
- Þorvarður Kári Ólafsson tölvunar/viðskfr. og skilríkja/öryggissérfræðingur hjá Þjóðskrá
- Stefán Snorri Stefánsson í Net- og upplýsingaöryggi hjá Póst- og fjarskiptastofnun
- Úlfar Erlingsson doktor í tölvuöryggisfræðum og þá hjá Microsoft Research og HR en nú hjá Google

Stjórnin var óbreytt til ársins 2012, þegar Hörður Helgi tók við sem formaður hópsins og í stað Svavars Inga, Kristjáns Geirs, Þorvarðar Kára og Úlfars komu nýir í stjórn:

- Elías Halldór Ágústsson, RHÍ
- Kristján Valur Jónsson, þá doktorsnemi við HR en nú doktor í tölvuöryggisfræðum og nú CTO hjá Atmo Select

- Sturla Þór Björnsson, Advania
- Bergsveinn Þórarinnsson, þá hjá Nýherja en nú rekstrarstjóri UT hjá VÍS

Á aðalfundi 2014 gengu Stefán Snorri og Elías Halldór úr stjórn og í þeirra stað kom Sigurður Másson hjá Advania en að auki starfaði Sigurður Emil Pálsson sérfræðingur á skrifstofu almannaöryggis innanríkisráðuneytisins ötullega með hópnum starfsárið 2014-2015. Á aðalfundi 2015 gekk Bergsveinn úr stjórn og í hans stað komu:

- Ingimar Örn Jónsson hjá Háskóla Íslands
- Ásgeir Davíðsson, þá hjá Póst- og fjarskiptastofnun en nú hjá Visente Information Security í Svíþjóð

Á síðasta aðalfundi gengu Ásgeir og Sturla Þór úr stjórn og í þeirra stað kom Sigurður Emil Pálsson sérfræðingur á skrifstofu almannaöryggis innanríkisráðuneytisins og Jón Finnbogason hjá Vöru og Viðskiptaþróun. Á starfsárinu 2016-2017 var stjórn öryggishópsins því þannig skipuð:

- Hörður Helgi Helgason, Landslögum, formaður hópsins
- Ingimar Örn Jónsson, Háskóla Íslands
- Jón Finnbogason, Vöru og Viðskiptaþróun
- Kristján Valur Jónsson, doktor í tölvuöryggisfræðum og CTO hjá Atmo Select
- Sigurður Másson, Advania
- Sigurður Emil Pálsson, innanríkisráðuneytinu

4. Starfsemi

Fyrsti stjórnarfundur öryggishópsins var haldinn 19. október 2007. Þá var ákveðið að starf hópsins skyldi einkum felast í því að halda hádegisverðarfundum, auk reglulegra stjórnarfunda en þeir skyldu vera opnir öllum meðlimum hópsins. Komu strax á þessum fyrsta fundi fram hugmyndir að margs kyns fundum, svo sem um kennitöluvandamál, peningaþvætti, mælanleika upplýsingaöryggis, öryggi í rafrænum viðskiptum, kröfur um varðveislu upplýsinga, lðnaðarnjósni og öryggisstaðla.

Hádegisverðarfundir öryggishópsins, þar sem höfðað hefur verið til almennra félagsmanna í Ský, hafa jafnan hlotið góða aðsókn. Fyrstu fimm starfsár hópsins hélt hópurinn árlega ýmist einn eða engan hádegisverðarfund. Síðustu fimm árin hafa að jafnaði verið haldnir tveir hádegisverðarfundir árlega. Af þeim má helst nefna:

- „Hversu öruggir eru snjallsímar?“, 25. janúar 2012
- „Spjaldtölvur og tölvuský á vinnustaðnum – öryggismál“, 4. apríl 2012
- „Ungmenni, Netið og upplýsingaöryggi“, 14. nóvember 2012
- „Netsía fyrir Ísland: Vænleg leið til að stemma stigu við klámi og óværum?“, 20. mars 2013
- „Hvar eiga viðkvæmar persónuupplýsingar heima?“, í samstarfi við Fókus, 23. október 2013
- „Nú vantar stefnuna! – stefna Íslands í net- og upplýsingaöryggismálum“, 21. maí 2014
- „Menntun og öryggislæsi“, 11. mars 2015
- „Hvað þarf öryggisstjórnin að vita um öryggismál?“, í samstarfi við faghóp um vefstjórnun, 21. október 2015
- „Skýjalausnir: Peningana eða persónuvernd“, 16. mars 2016
- „Hvaða ógnir steðja að öryggi upplýsingakerfa hins opinbera?“ eða „Allt sem þig hefur alltaf langað að vita um upplýsingaöryggisógnir en hefur aldrei þorað að spyrja um“, 8. mars 2017

Að auki hefur hópurinn haldið af og til svokallaða sellufundi sem eru einkum ætlaðir félögum í öryggishópnum, um sérhæfðari málefni, svo sem um CERT-ÍS (nú „netöryggissveit“ PFS) og um öryggi netbanka.

Er óhætt að segja að starf öryggishópsins hafi verið gróskumikið hingað til. Hefur hópurinn allt frá upphafi verið meðal fjölmennustu hópa Ský og fundir hans og uppákomur jafnan hlotið mikla athygli, svo sem fjölmiðla.

Leyfi mér, nú þegar ég læt af störfum í stjórn hópsins, að þakka samstjórnarmönnum mínum, Skýrslutæknifélaginu og þó sérstaklega framkvæmdastjóra þess, Arnheiði Guðmundsdóttur, fyrir samstarfið. Óhætt er að segja að Arnheiður eigi að stórum hluta heiðurinn af því hve farsæll öryggishópurinn hefur verið á þessum fyrsta áratug sínum.

Reykjavík, 28. febrúar 2017,

f.h. öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands,

Hörður Helgi Helgason, formaður